

## Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 2015

### Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar að því markmiði að tryggja hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu.

Stjórnina skipa Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ). Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók við formennsku í stjórninni í ársbyrjun 2015.

Kristín Lóa Ólafsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Páll Stefánsson deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði komu að ýmsum verkefnum stjórnarinnar, m.a. vinnu vegna endurskoðunar á samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem lauk á þessu ári.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) samþykkti í desember árið 2011 að leggja til við aðildarsveitarfélögin að hefja heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið. Sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa sína í stýrihóp sem starfaði á vegum SSH sem annaðist vinnslu, kynningu og afgreiðslu heildarendurskoðunar á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna. Heildarendurskoðun vatnsverndarsvæða fyrir höfuðborgarsvæðið var unnin samhliða svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.

Framkvæmdastjórn var falið af stýrihópnum að koma með tillögu að endurskoðaðri samþykkt undir ráðgjöf Verkfræðistofunnar Mannvit (Rúnar Bjarnason). Vatnaskil (Sveinn Óli Pálmason) sáu um vinnu við nýtt vatnsverndarkort og var í þeirri vinnu í fyrsta sinn beitt grunnvatns- og rennislíkani við afmörkun verndarsvæða. Þann 19. júní 2015 var síðan nýtt vatnsverndarkort ásamt samþykkt um vatnsvernd undirrituð (Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu- Greinargerð um heildarendurskoðun. Febrúar 2015).

### Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- Rgl. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Rgl. nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001

- Samþykkt um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015  
[http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid\\_2040/Vatnsverndarsamthykkt\\_nr\\_555\\_2015.pdf](http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndarsamthykkt_nr_555_2015.pdf)

Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á slóðinni  
[http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid\\_2040/Vatnsverndaruppdrattur\\_undirritadur\\_v ef.pdf](http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndaruppdrattur_undirritadur_v ef.pdf)

## Árið 2015

### *Fundir Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 2015*

Haldnir voru fjórir fundir á árinu, fundir nr. 109-112. Fundargerðir ársins er hægt að nálgast á vefslóðinni <http://reykjavik.is/thjonusta/vatnsvernd>. Fundargerðir framkvæmdarstjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins.

Hér á eftir verður farið yfir helstu mál sem komu fyrir framkvæmdastjórn á árinu 2015. Að öðru leyti er vísað í fundargerðir ársins.

### *Heildarendurskoðun vatnsverndar*

Stór hluti vinnu framkvæmdastjórnar á árinu sneri að heildarendurskoðun vatnsverndar og nýrri heilbrigðissamþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópur SSH um heildarendurskoðun vatnsverndar lagði í upphafi ársins til að vinnuhópur (Páll Stefánsson og Kristín Lóa Ólafsdóttir ásamt svæðisskipulagsstjóra, Hrafnkeli Proppé) ynnu að því að fullgera samþykkt um vatnsvernd.

Að hálfu SSH var stofnaður samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu innan sameiginlegra vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem skipaður er fulltrúum frá svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins (formaður svæðisskipulagsnefndar), formanni framkvæmdastjórnar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum frá vatnsveitum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

### *Samráðsvettangur um framkvæmdir Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði*

Páll og Kristín Lóa mættu á fund um Samráðsvettvangs um framkvæmdir Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði. Framkvæmdastjórn bókaði á 112. fundi að nauðsynlegt væri að Landsnet hafi beint samráð við heilbrigðiseftirlitssvæðin vegna vatnsverndar.

### *Tengivirki Landsnets á Sandskeiði innan grannsvæðis vatnsverndar*

Verkfræðistofan Vatnaskil er að kanna grunnvatnsstrauma á svæðinu og er beðið niðurstaðna.

### *Deiliskipulag Príhnúkagígs og nágrennis í Kópavogi*

Framkvæmdastjórn lagði til á 112. fundi að umsagnir um deiliskipulagið yrðu unnar hjá viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðum m.t.t. ákvæða nýrrar samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu.

*Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar og deiliskipulagi vegna víkingsvæðis við Leirtjörn í Mosfellsbæ*

Framkvæmdastjórn tekur undir fyrrnefnda umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis þar sem m.a. kemur fram að fyrir þurfi að liggja nýjar rannsóknarniðurstöður varðandi grunnvatnsrennsli á svæðinu ef gera á breytingar á vatnsverndarsvæðinu.

*Vettvangsferð í Heiðmörk*

Framkvæmdarstjórn fór þann 12. nóvember í vettvangsferð í Heiðmörk til að skoða ástand vega og umferðaröryggi m.t.t. hættu á mengun grunnvatns. Einnig var farið yfir merkingar. Ekið var eftir Heiðmerkurvegi frá Suðurlandsvegi í Garðabæ og stoppað við þá staði þar sem hætta á óhöppum er hvað mest.

*Kynning á vatnsverndarsvæði höfuðborgarbúa- ályktun um vegi og aðgangsstýringu*

Á 112. fundi var samþykkt að óska eftir því við samráðshóp SSH um vatnsvernd og vatnsnýtingu að kalla til fundar með hagsmunaaðilum s.s. vatnsveitum, rekstaraðilum inni á svæðinu (s.s. skógræktarfélag, skíðasvæða, Þríhnúka), og Vegagerðarinnar, til kynningar og umræðu um nýtt svæðisskipulag hvað varðar vatnsvernd og nýja samþykkt. Þann 11. desember var fundur haldinn og eftirfarandi ályktun (dags. 21. desember 2015) frá stýrihópnum var send stjórn SSH og hlutaðeigandi sveitafélögum:

*„Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu beinir því til Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Kópavogs og Vegagerðarinnar að samþykkja fyrir sitt leyti að sett verði upp hið fyrsta hlið og varúðarmerkingar við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt verði að stýra almennri umferð ökutækja inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru jafnframt hvött til að skoða hjá sér hönnun bílastæða/safnstaða við innkomuleiðir í Heiðmörk. Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur eru hvött til að vinna samræmt skipulag Heiðmerkur. Brýnt er að hið fyrsta verði skorið úr um veghald í Heiðmörk.“*